



Formlegt erindi til Fræðslu- og Frístundasviðs Mosfellsbæjar.

Mosfellsbær

9. febrúar 2023

Félagasamtökin Memmm Play óska eftir því að tekin verði afstaða til samstarfs varðandi innleiðingu opins leikskóla í Mosfellsbæ. Stefnt er að heilsdagsopnun alla virka daga en óskað er eftir fjármagni til þess að taka fyrsta skrefið í þeirri vegferð. Innleiðing opna leikskólans í Mosfellsbæ fæli í sér að hafa opið í einn til tvo daga vikulega.

#### **Framlag Memmm Play er eftirfarandi:**

- Setja upp fallegt og öruggt leikumhverfi á opunardegi
- Bjóða foreldra og börn velkomin
- Taka niður skráningu þátttakenda
- Sjá um og leiða söngstund
- Bjóða upp á kaffi og með því
- Tengjast/kynnast fólki og tengja fólk saman
- Halda leiksvæði snyrtilegu og hreinu
- Ganga frá í lok dags

Memmm Play mun sjá um að auglýsa og vera sýnileg á samfélagsmiðlum. Einnig munu samtökin sjá um að skipuleggja fræðslu 2-3x á önn (td. fyrsta hjálp, málörvun, næring og hreyfing ungra barna).

#### **Framlag Mosfellsbæjar:**

- Bjóða afnot af húsnæði sem myndi henta opna leikskólanum með góðu aðgengi.
- Fjármagn til þess að standa undir rekstri
  - Laun fyrir tvo starfsmenn
  - Kostnaður varðandi kaup á kaffi og þess háttar

Mánaðarlaun, einn dag/viku (tveir starfsmenn) 400.000 kr í verktakalaun.

Mánaðarlaun, tvo daga/viku (tveir starfsmenn) 800.000 kr í verktakalaun.

## **Opinn leikskóli á Íslandi**

Memmm Play starfar í anda opins leikskóla líkt og tíðkast hefur á Norðurlöndunum til áratuga. Þær sem leiða starfið eru Helga Hreiðarsdóttir leikskólakennari, Kristín Stefánsdóttir iðjuþjálfari og María Ösp Ómarsdóttir grunnskólakennari.

## Þjónusta og þroskandi umhverfi

Í opna leikskólanum eru foreldrar og ung börn þeirra velkomin að koma hvenær sem er á opnunartíma. Á nokkurra vikna fresti er boðið upp á fræðslu er snýr að barnauppleði eða ungbörnum. Í opna leikskólanum er skapað fallegt, öruggt og örvandi leiksvæði. Hann er samastaður fyrir foreldra/forsjáraðila til þess að hittast með börn sín, leika, styrkja tengsl og fá fræðslu. Börnin hitta önnur börn, læra söngva og kynnast lífi og starfi utan heimilis. Það má segja að ávinningur fyrir fjölskyldur með ung börn sé fjölpættur en verkefnið er í senn stuðningur og forvörn.

Í opna leikskólanum er tími og rými fyrir foreldra/forsjáraðila til þess að:

- Hitta fólk í sambærilegri stöðu.
- Sporna við félagslegri einangrun.
- Hitta vini með börnin með sér.
- Spegla sig í öðrum og deila reynslu sinni.
- Fá ráðgjöf og ábendingar um stuðning.
- Fá fræðslu tengda uppeldi og ungum börnum.

Með góðu samstarfi við borg og sveitarfélög sér Memmm Play tækifæri til þess að koma til móts við þarfir nýrra foreldra og forsjáraðila ungra barna. Foreldrar ungra barna eru nú víða í mjög erfiðri stöðu þar sem þjónusta dagforeldra hefur dregist saman en framboð leikskólaplássanna nær ekki að anna eftirspurn. Það er mjög brýnt að koma til móts við bæði foreldra í fæðingarorlofi sem og foreldra sem bíða eftir leikskólaplássi.

Þökkum áheyrnina og hlökkum til áframhaldandi samtals um innleiðingu opins leikskóla í Mosfellbæ.

### **Með kærri kveðju**

Kristín Stefánsdóttir

María Ösp Ómarsdóttir

Helga Hreiðarsdóttir